

Félagsfundur föstudaginn 16. maí 2014 kl. 17.00 í húsakynnum Alliance Française.

Mættir: 15 félagar voru viðstaddir (Sólveig Simha, Sigurbjörg Eðvarðs, Sigurborg, Catherine Eyjólfsson, Kolbeinn, Ásdís R. Magnúsd., Jóhanna Hálfð., Ève, Margrét Helga, Jóhanna Björk, Esther, Sigurbjörg Gylfa, Hulda Sif, Rósa Elín, Sigríður Anna) ásamt Söndru sem er í mastersnámi í kennslufræði frönsku.

Dagskrá:

1. Kynning Rósu Elínar á orðabókarverkefni.

2. Kynning á úrslitum í keppni frönskunemenda.

3. Umræða um námsleyfi.

4. Önnur mál.

1. Rósa Elín Davíðsdóttir kynnti orðabókarverkefnið sem hún stýrir hjá stofnun Árna Magnússonar. Um er að ræða undirbúning á íslensk-franskri orðabók og er það hluti af doktorsverkefni hennar. Heiti verkefnisins er Lexica. Verið er að nota grunninn Islex sem búið er að vinna fyrir Norðurlandamálin og hefur hann 48.000 orð. Verkefnið er enn á tilraunastigi en búið er að þýða 1500 orð eins og staðan er núna. Rósa sagði frá vinnuaðferðum við þýðingar, sýndi dæmi um þýðingar og sagði frá framsetningu og notkunarmöguleikum orðabókarinnar almennt. Hugmyndir eru uppi um að nýta sama grunn til að gera nýja fransk-íslenska veforðabók. Nokkur óvissa er um framtíð verkefnisins vegna skorts á áframhaldandi fjármagni.

2. Sigurbjörg Gylfadóttir kynnti úrslitin í keppni frönskunemenda. Ekki gafst ráðrúm til þess að halda verðlaunaafhendingu í Borgarbókasafninu eins og verið hefur vegna verkfalls framhaldsskólakennara. Dómnefndin sem skipuð var hr. Marc Bouteiller, sendiherra, Sophie Perrotet frá Alliance Française og Ástu Ingibjartsdóttur frá HÍ kom saman 12. maí og valdi sigurvegara. Alls bárust 6 myndbönd frá 5 skólum. Nöfn nemenda og skólar eru eftirfarandi: Sigrún Perla Gísladóttir og Þórunn Björg Guðmundsdóttir úr MH, Snæbjört Sif Jóhannesdóttir úr Verzló, Íris Ösp Reynisdóttir úr Kvennó, Sóley Benediktsdóttir úr MR og Daníel Freyr Swenson úr Borgó. Úrslitin voru þessi:

Fyrsta sæti: Sóley Benediktsdóttir, MR.

Annað sæti: Sigrún Perla Gísladóttir, MH.

Sérstök verðlaun frá dómnefnd: Daníel Freyr Swenson, Borgarholtsskóla.

Sóley Benediktsdóttir sá sér ekki fært að þiggja verðlaunin, 10 daga námskeið í París, og fer Sigrún Perla því í hennar stað. Horft var á vinningsmyndböndin.

3. Jóhanna Hálfðánardóttir sagði frá námsleyfi sínu fyrir þónokkrum árum síðan þegar hún fór í nám til Besançon. Sigurbjörg Eðvarðs sagði frá núverandi námi sínu í ferðamálafræði við HÍ og Sigríður Anna kynnti áform sín fyrir námsleyfi er hún hyggst taka næsta vetur.

4. Lítið sem ekkert um önnur mál. Jóhanna Björk vakti athygli á því að á þjóðlagahátíðinni á Siglufirði í byrjun júlí mun verða með franskt þema.

Fundi slitið kl. 19.00.